

# HAFNARFJÖRDUR

## Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Krýsuvíkurberg



Heiðrún Eva Konráðsdóttir sagnfræðingur

Byggðasafn Hafnarfjarðar 2019

Fornleifaskráning

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.</b> .....	2
<b>Aðferð við skráningu</b> .....	3
<b>Skráningarsvæðið</b> .....	3
<b>Saga</b> .....	3
<b>Fornleifaskráning</b> .....	5
<b>Niðurstöður</b> .....	13
<b>Deiliskipulagssvæðið</b> .....	14
<b>Yfirlitskort fornleifa</b> .....	14
<b>Yfirlitskort yfir hið deiliskipulagða svæði við Krýsuvíkurborg.</b> .....	14
<b>Nánara kort af fornleifum við bæjarstæðið Fitjar.</b> .....	15
<b>Heimildaskrá</b> .....	17

## Inngangur

Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs deiliskipulags afmarkaðs landsvæðis við Krýsuvíkurbjarg var unnin í nóvember og desember 2018 og janúar og júní 2019. Fornleifaskráningin er gerð að beiðni Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar vegna deiliskipulags við Krýsuvíkurbjarg. Deiliskipulagið er unnið af Landmótun Hamraborg 12, 200 Kópavogi.

Svæðið sem um ræðir hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Fornleifaskráning hefur áður verið gerð fyrir hið deiliskipulagðasvæði; *Krísuvík. Fornleifar og umhverfi* eftir Bjarna F. Einarsson frá árinu 1998 og *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi* eftir Þóru Pétursdóttur frá árinu 2004.

Einnig er til eldri svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands 1998: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12. Reykjavík 1998.

Kort af fornleifunum vann Elsa Guðmunda Jónsdóttir landfræðingur á Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir gekk svæðið í nóvember og desember 2018 og janúar 2019 ásamt Rósu Karen Borgþórsdóttur.

## Fornleifar og tilgangur fornleifaskráningar.

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra. Samkvæmt lögum um menningarminjar frá árinu 2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar fornleifar á framkvæmdasvæðinu sem og annarsstaðar, þ.e. þær minjar sem eru eldri en 100 ára, friðaðar skv. lögnum. Ennfremur segir í lögnum:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.<sup>1</sup>

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að

<sup>1</sup> Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis.

nákvæmri fornleifarannsókn. Fer umfang rannsókna gjarnan eftir aldri fornleifanna og tegund þeirra. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

### Aðferð við skráningu

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögu. Skoðaðar eru loftmyndir sem geta gefið upplýsingar um minjar, ef þær eru fáanlegar og rætt er við staðkunnuga, ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið, skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, mæla hana upp og taka ljósmyndir. Í þessari skýrslu er stuðst mikið við þær tvær fornleifaskrár sem ná yfir hið deiliskipulagða svæði Krýsuvík. *Fornleifar og umhverfi* eftir Bjarna F. Einarsson frá árinu 1998 og *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi* eftir Þóru Pétursdóttur frá árinu 2004. Skráðar voru 13 minjar og teljast þær allar til fornleifa. Ekki reyndist unnt að mæla upp eina fornleif sökum þess að ekki var hægt að staðsetja hana þar sem hún er horfin. Því var notast við hnit úr skýrslu Þóru Pétursdóttur frá árinu 2004 sem tekið var á bjargbrúninni. Aðeins bættist við ein skráning sem ekki er í fyrri fornleifaskrá, þ.e. frá Bjarna F. Einarssyni frá 1998 og Þóru Pétursdóttur frá 2004, það er fornleif 2036-9 sem sennilega er tóft bæjarins Neðri-Fitja.

Heiðrún Eva Konráðsdóttir gekk svæðið í nóvember og desember 2018 og janúar 2019 ásamt Rósu Karen Borgþórsdóttur. Allar fornleifarnar að einni undanskilinni, 2036-8, voru í áður nefndum skýrslum. Um samantekt skýrslu sá Heiðrún Eva Konráðsdóttir hjá Byggðasafni Hafnarfjarðar. Umrætt svæði er 114 ha að stærð og liggur innan lands Krýsuvíkur. Yfirlitsmynd af hinu deiliskipulagða svæði er að finna aftast í skýrslunni.

### Skráningarsvæðið

Deiliskipulagsverkefnið er unnið fyrir Hafnarfjarðarbæ af Landmótun, Hamraborg 12, 200 Kópavogi. Heiti deiliskipulagsverkefnisins er Krýsuvíkurborg.

Í drögum að greinargerð með deiliskipulagi frá 30.11.2018 segir meðal annars:

„Megin markmið deiliskipulagsins er að marka stefnu um uppbyggingu og vernd svæðisins og vera leiðbeinandi um umhirðu og viðhald þess. Enn fremur er markmiðið að auka öryggi innan svæðisins og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið vegna ágangs, m.a. með bættum innviðum og stýringu umferðar um svæðið....

Mikil aukning í fjölda ferðamanna á svæðinu kallar á uppbyggingu til að stýra aðgengi og ágangi á svæðið og hlífa umhverfinu. Heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 114 ha og afmarkar það svæði þar sem umferð ferðamanna er hvað mest og það svæði sem þarfnast mestar uppbyggingar.“<sup>2</sup>

Deiliskipulagssvæðið er allt innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar en fyrir 1946 var það hluti af Grindavíkurborg. Svæðið er mosa- og lyngvaxið, mikill uppblástur og landeyðing og mikið landbrot vegna ágangs sjávar. Landgræðsla ríkisins hefur verið með skipulagða landgræðslu á hluta svæðisins frá árinu 1992.<sup>3</sup> Yfirlitsmynd af hinu deiliskipulagða svæði er að finna aftast í skýrslunni ásamt korti af fornleifum á svæðinu.

### Saga

Hið deiliskipulagða svæði er allt innan lands Krýsuvíkur sem er í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Aðeins verður stiklað á stóru í sögu Krýsuvíkur í þessari skýrslu þar sem aðeins er verið að skrá lítinn hluta Krýsuvíkurlands. Fyrstu heimildir um búsetu í Krýsuvík eru úr Landnámu. Sturlubók og Hauksbók Landnámu eru sammála um landnám Krýsuvíkur, þar segir: „Þórir haustmyrkr nam Selvág ok Krýsuvík, en Heggr son hans bjó at Vági.“<sup>4</sup>

Krýsuvík taldist snemma vera helsta vildisjörð á Reykjanesskaga vegna mikilla landgæða og

<sup>2</sup> Margrét Ólafsdóttir og Kristín Una Sigurðardóttir: Krýsuvíkurborg. Lýsing fyrir deiliskipulag. 30.11.2018. bls. 2.

<sup>3</sup> Landgræðsla Íslands: Landgræðsluvefsjá: Krýsuvík. Heimsótt 13.06.2019.

<sup>4</sup> *Íslensk fornrit* I, bls. 392-393.

hlunninda, m.a. vegna eggja- og fuglatöku í Krýsuvíkurbergi. Ekki er mikið af heimildum sem segja frá Krýsuvík framan af öldum. Á 17. og 18. öld varð mikil landeyðing og sandfok á Krýsuvíkursvæðinu auk þess var ofbeitt á landinu í lok 19. aldar og rýrnuðu því landgæði jarðarinnar á þeim tíma. Hjáleigur í Krýsuvík voru margar, heimildir greina frá 18 hjáleigum og kotum í Krýsuvík, þau voru ekki öll í byggð samtímis. Íbúum sóknarinnar fækkaði í byrjum 19. aldar en fór svo að fjölga aftur um miðja öldina og voru flestir um 1850-1860 eða 70 talsins.<sup>5</sup> Hjáleigur/kot frá Krýsuvík voru mörg, í Krýsuvíkurbærinu voru Stóri-Nýibær, Litli-Nýibær, Lækur, Suðurkot, Norðurkot, Snorrakot, Hnaus, Garðsholt og Fell (Arnarfell). Hjáleigan Fitjar varð niður við Krýsuvíkurbærg, Vigdísarvellir og Bali stóðu vestan Ögmundarhrauns og Sveifluháls. Getið er um önnur býli í byggð á öðrum tímum; Eyri, Hali, Austurhús, Vesturhús, Gestsstaðir og Kaldrani. Síðasti ábúandinn í Krýsuvík var Magnús Ólafsson (1872-1950) hann bjó í Krýsuvík til ársins 1945.

Fyrst er getið um kirkju í Krýsuvík árið 1203 í kirknaskrá Páls Jónssonar Skálholtsbiskups, sú kirkja var helguð Maríu guðsmóður. Kirkja gæti hafi verið í Krýsuvík fyrir þann tíma en engar heimildir eru fyrir því. Kirkjan átti mikil hval- og trjáreka ítök frá Hraunsnesi og austur að Vogaósum.<sup>6</sup>

Í Jarðartali Johnsens frá 1847 hefur jörðin númerið 01 og þar segir um jörðina að Krýsuvík sé 31 og 1/3 að dýrleika, landskuld sé 1,30, kúgildin voru 3 og ábúendur 21. Í athugasemdum segir: “Sýslumaður nefnir aðeins 7 leiguliða á Krýsuvík allri, en prestur telur hjáleigurnar sem hér, og verða eptir því 11 leiguliðar á allri torfunni. Enar 3 seinast töldu hjáleigur nefnir engin jarðabók, en á hinum hjáleigunum er lsk. og kúg. Hér höfð eptir A.M. Í Krýsuvík er brennusteinsnámur, óyrktar.”<sup>7</sup>

---

<sup>5</sup> Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Hafnarfjarðarkirkja 1914-2014. 2 bindi. Síðari hluti.* Bls. 812-813 og 827-829.

<sup>6</sup> Gunnlaugur Haraldsson: *Helgistaðir við Hafnarfjörð. Hafnarfjarðarkirkja 1914-2014. 2 bindi. Síðari hluti.* Bls. 816-817.

<sup>7</sup> J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi.* Bls. 84.

# Fornleifaskráning

## Krýsuvíkurborg 2036 -I



Séð yfir tóftirnar á Fitjarbænum, mynd tekin til vesturs.

**Gamalt nr:** 217-1 og GK-001-018

**Hlutverk:** Hýbýli / gangabær

**Tegund:** Tóft

**Sérheiti:** Fitjar

**Aldur:** 1550-1900

**Hnit:** 374773,478 346780,219

**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grund í túni vestan við Selöldu rétt vestan við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi og austan við Fitjalæk/Vestarilæk.

**Lýsing:** Í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar segir: "Vestur af Selöldu eru móbergstindar, nefnast Strákar (158)...Vestan við er melholt og niður undan því er einn Krýsuvíkurbærinn og nefndist Fitjar (161). Kringum bæinn er Fitjatún (162) og nyrst í því Fitjafjárhús (163). Vesturlækur rennur hér ofan af heiðinni í Vesturlækjarfossi (164), en þar fyrir neðan tekur hann nafnbreytingu, nefnist Fitjalækur (165). Rennur meðfram túninu og niður um Efri-Fitjar (166)."<sup>8</sup> Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar segir: „Fitjatún hefur fyrr verið nefnt, vestur við lækinn, vestur af Selöldu. Þar eru stæðilegar bæjartóftir, mikið túnstæði, og þar voru leifar eftir safngryfju, sem er óvanalegt á þeim árum. Útislægjur gátu og verið þar upp af með læknum, þar sem heitir Efri-Fitjar (77).“<sup>9</sup>

Fitjatún stendur við veginn sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi, þar sveigir vegurinn til austurs yfir Fitjalækinn/Vestarilækinn og liggur austur um túnið. Bæjartóftirnar eru alveg við veginn austast í túninu, 50 m norðar eru útihúsatóftirnar. Fitjatún er ekki stórt en gróið, svæðið allt er um 90 x 110 m að stærð og þar eru þrjár tóftir, niðurgroftur/ safngryfja/hleðsla, túngarður og brú. Umhverfis túnið eru uppblásnir og ógrónir melar. Bæjartóftirnar eru hlaðnar úr torfi og grjóti, veggbreiddin er um 1-2 m og hleðsluhæðin er mest um 1 m. Tóftirnar snúa í vestur og eru þrjú op á þeirri hlið. Tóftirnar eru um 10x14 m og greinast í fimm hólf.

Úr norðaustur- og suðausturhorni tóftanna liggja garðar til austurs en hverfa við veginn. Grjóthlaðinn túngarður liggur frá bæjartóftunum norður að útihúsunum, hann er um 50 m að lengd. Skammt vestan við nyrsta dyraopið eru dæld í landslaginu, mjög sennilega safngryfjan sem nefnd er í örnefnalýsingu.

Fitjar er eina hjáleigan sem er innan skipulagssvæðisins við Krýsuvíkurborg. Lítið er vitað um ábúð á Fitjum og mjög fáar heimildir sem segja frá hjáleigunni. Bjarni F. Einarsson segir í fornleifaskýrslu sinni Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi frá árinu 1994: „... mun hafa verið í byggð fram á þessa öld. Rústirnar eru afar fallegar og heillegar minjar um lítinn gangabæ, skólabókardæmi um hleðslutækni. Fyrir framan bæjarhúsið er safnþró, sem telst til nýmæla. Skammt frá bæjarhúsinu við Vestarilæk, eru leifar af steinbrú, þeirri einu á svæðinu. Brúin hefur haft tvær rásir, en önnur er nú hrunin.“<sup>10</sup>

Árið 1867 er ljóst að ekki var búíð á Fitjum því í Þjóðólfi 27. febrúar árið 1867 er getið um Dómsmál fyrir yfirdóminum þar sem þrír ábúendur í Krýsuvík sækja gegn Gísla Jónssyni bónda á Býaskerjum árið 1866. Þar beitti áður nefndur Gísli fé sínu við Fitjar í

<sup>8</sup> Gísli Sigurðsson: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

<sup>9</sup> Ari Gíslason: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

<sup>10</sup> Bjarna F. Einarsson: Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi.1998.

Óþökk ábúenda/eigenda Krýsuvíkur og þar er ljóst að ekki var búið á Fitjum það árið.<sup>11</sup> Eina manntalið sem Fitjar eru nefndar var gert árið 1850 en þar eru 7 skráðir þar til heimilis. Guðmundur Árnason bóndi og kona hans Guðrún Guðmundsdóttir ásamt syni þeirra og dóttur Guðmundar, einnig voru þar vinnumaður og hans kona og þeirra sonur.<sup>12</sup>

**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

### *Krýsuvíkurborg 2036 -2*



Séð yfir dældina/safngryfjuna við Fitjar.

**Gamalt nr:** 217-1 og GK-001:018  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Tegund:** Niðurgroftur/Hleðsla  
**Sérheiti:**  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374778,914 346772,981  
**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grund í túni. Vestan við Selöldu rétt vestan við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi og austan við Fitjalæk/Vestarilæk.  
**Lýsing:** Skammt vestan við nyrsta dyraopið á Fitjatóftum er dæld í landslaginu, mjög sennilega safngryfjan sem nefnd er í örnefnalýsingu. Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar segir: „Fitjatún hefur fyrr verið nefnt, vestur við lækinn, vestur af Selöldu. Þar eru stæðilegar bæjartóttir, mikið túnstæði, og þar voru leifar eftir safngryfju, sem er óvanalegt á þeim árum“<sup>13</sup> Dældin er um 1,5 x 3 m og í henni sést í hleðslur.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

<sup>11</sup> „Dómsmálið fyrir yfirdóminum: 3 búendr í Krýsuvík...“ Þjóðólfrur 27. febrúar 1867.

<sup>12</sup> Þjóðskjalasafn Íslands: Vefslóðin manntal.is. Manntal frá árinu 1850.

<sup>13</sup> Ari Gíslason: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

### Krýsuvíkurborg 2036 -3



Séð vestur yfir útihúsin að Fitjum, austara útihúsið er nær.

- Gamalt nr:** 217-2 og GK-001:018  
**Hlutverk:** Útihús  
**Tegund:** Tóft  
**Sérheiti:**  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374840,283 346776,009  
**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grund í túni. Vestan við Selöldu rétt vestan við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi og austan við Fitjalæk/Vestarilæk.  
**Lýsing:** Austari útihúsatóft. Um 50 m norðan við bæjartóftirnar, nyrst í túninu, eru tvær samliggjandi tóftir útihúsa. Eystri tóftin er um 9 x 4 m að stærð og er dyraopið til suðurs. Hleðsluhæð veggjanna er um 0,3-0,5 m. Tóftin er töluvert sigin og eru veggirnir um 1-2 m breiðir.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

### Krýsuvíkurborg 2036 -4



Séð suður yfir útihúsin á Fitjum, vestara útihúsið er nær.

- Gamalt nr:** 217-3 og GK-001:018  
**Hlutverk:** Útihús  
**Tegund:** Tóft  
**Sérheiti:**  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374843,743 346771,754  
**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grund í túni. Vestan við Selöldu rétt vestan við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi og austan við Fitjalæk/Vestarilæk.  
**Lýsing:** Vestari útihúsatóft. Um 50 m norðan við bæjartóftirnar, nyrst í túninu, eru tvær samliggjandi tóftir útihúsa. Vestari tóftin er veglegri, hún er um 6,5 x 4,5 m að stærð og hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin hefur dyraop til suðurs. Veggirnir eru 0,3-1 m háir og 1-2 m breiðir.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar



### Krýsuvíkurborg 2036 -5



Séð yfir brúinna til austurs.

- Gamalt nr:** 217-4 og GK-001:060  
**Hlutverk:** Brú  
**Tegund:** Hleðsla  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374849,957 346728,150  
**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grundu við Fitjalæk/Vestarlæk, vestur af Selöldu. Við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi. Brúin liggur mjög nálægt veginum sem liggur frá Grindavíkurvegi niður að Krýsuvíkurborgi.  
**Lýsing:** Um 35 m vestan við útihús Fitja er brú er liggur yfir Fitjalæk/Vestarlæk. Brúin er hlaðin úr grjóti 11 m á lengd, 1,5-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Stór hluti brúarinnar er hruninn að mestu, austari hluti brúarinnar, þ.e. þar sem lækurinn liggur nú. Hinn hluti brúarinnar sem er um 6 m á lengd er nokkuð heillegur og er þar ræsi um þrjá metra frá vestari endanum. Lækurinn hefur væntanlega runnið þar áður og sennilega hefur brúin haft tvö ræsi, það eystra er horfið.  
**Minjagildi:** Mikið  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

### Krýsuvíkurborg 2036 -6



Séð yfir Fitjar og túngarðinn til vesturs.

- Gamalt nr:** 217-5 og GK-001:018  
**Hlutverk:** Túngarður  
**Tegund:** Garðlag  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374801,217 346789,464  
**Staðarhættir:** Á grasi gróinni grund í túni. Vestan við Selöldu rétt vestan við malarveg sem liggur frá Grindavíkurvegi að Krýsuvíkurborgi og austan við Fitjalæk/Vestarlæk.  
**Lýsing:** Við bæinn Fitjar er túngarður sem er um 40 m langur, 0,5-1,5 m breiður og 0,2-0,4 m hár.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Vegagerð/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

### Krýsuvíkurborg 2036 -7



Séð yfir Strákafjánhús til norðurs.



Séð inn í Strákafjánhús til suðvesturs.

**Gamalt nr:** 218-1 og GK-001: 061

**Hlutverk:** Fjárskýli/ fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Sérheiti:** Strákafjánhús

**Aldur:** 1550-1900

**Hnit:** 374774,379 346951,950

**Staðarhættir:** Á mel á vestanverðum Strákum, um 180 m austur af Fitjum uppi á Selöldinni.

**Lýsing:** Í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar segir: „Vestur af Selöldu eru móbergstindar, nefnast **Strákar** (158). Vestarlega í þeim hefur verið skúti, nefndist **Strákahellir** (159). Þarna hefur verið hlaðið myndarlegt fjárskýli og hefur í eina tíð verið reft yfir það og nefndist þá **Strákafjánhús** (160).“<sup>14</sup> Tóftin er einföld en stæðileg um 9 x 15 m að stærð. Vegg hæðin er um 1-2 m og veggþykktin um 1 m. Tóftin er byggð upp að móbergskletti sem er um 10 m há og myndar hann norðurvegg tóftarinnar en kletturinn sveigist yfir tóftina og nær yfir um 1/3 hennar. Þakið hefur væntanlega verið reist upp á mótí klettinum. Dyrnar snúa á mótí vestri og eru 0,7 m breiðar, 1 m djúpar og 1-1,4 m háar. Yfir dyrunum er hella og hleðslur ofan á henni. Úr fyrrnefndri fornleifaskráningu Þóru Pétursdóttur segir: „Hleðslurnar eru tvískiptar, þ.e. neðst er grjóthleðsla úr stórum ótilhöggnum steinum, um tvö umför. Þá kemur torflag yfir og síðan önnur grjóthleðsla, um átta umför. Þessi hleðsla er úr minni steinum og sumum tilhöggnum. Vesturveggur tóftarinnar er þó eingöngu úr tilhöggnum grjóti, um tólf umför, og er ekki tvískiptur á þennan hátt, en torflag er yfir hleðslunni.“<sup>15</sup> Tóftin sjálf og alveg við hana er gróið en í kring er allt mjög upp blásið. Væntanlega er tóftin fjárhús frá Fitjum.

**Minjagildi:** Talsvert

**Hætta:** Hætta

**Hættuorsök:** Rask/Landeyðing

**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

### Krýsuvíkurborg 2036 -8

**Gamalt nr:** GK 001: 015

**Hlutverk:** Gata / leið

**Tegund:** Heimild

**Sérheiti:** Ræningjastígur

**Aldur:** 1600-1900

**Hnit:** 373938087 347505335<sup>16</sup>

**Staðarhættir:** Móbergstígur er lá í berginu framan í Skriðunni.

**Lýsing:** Í örnefnalýsingu Ara Gíslasonar segir um Ræningjastíg: „Framan í Skriðunni er Ræningjastígur (50). Hans er getið í Þjóðsögum. Stígur þessi er gangur einn, sem myndast hefur í móbergið og liggur skáhallt niður í flæðarmál af brúninni. Var hann fær til skamms tíma, en nú mun hrútið svo úr honum, að hann sé tæplega fær.“<sup>17</sup> „Upp Ræningjastíg áttu

<sup>14</sup> Gísla Sigurðsson: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

<sup>15</sup> Þóra Pétursdóttir: Fornleifaskráning í Grindavík. Reykjavík 2004. Bls. 46-47.

<sup>16</sup> Þóra Pétursdóttir: Fornleifaskráning í Grindavík. Reykjavík 2004. Bls. 26.

<sup>17</sup> Ari Gíslason: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

Tyrkir að hafa komist 1627 er þeir rændu hér við land.<sup>18</sup> Segir í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá því er Tyrkir réðust á land í Krýsuvík, þar segir:

„Annað sinn komu Tyrkjar undir Krýsuvíkurborg og gengu upp þar sem síðan heitir Ræningjastígur. Þá var sel hjá Selöldu og fóru Tyrkjar þangað, drápu matseljuna, en eltu smalann heim að Krýsuvík. Það var sunnudagur og var Eiríkur prestur að messa í Krýsuvíkirkirkju. Segja sumir að hann væri fyrir altarinu, en hitt mun sannara að hann væri í ræðustól er smalinn kom hlaupandi í kirkjuna og mælti hátt: „Tyrkjar komu og drápu matseljuna og eltu mig hingað.“ Prestur mælti „Viljið ekki lofa mér að ganga fram í dyrnar góðir menn?“ Menn játtu því. Eiríkur gengur fram í dyr og lítur út og sér Tyrkja koma á túninu. Hann mælti til þeirra: Farið nú ekki lengra! Drepið þarna hvor annan! Væri annar dagur eða ég öðruvísi búinn, munu þið éta hvor annan.“ Þar börðust þeir og drápust niður, og heitir þar síðan Orrustuhóll eða Ræningjahóll er þeir börðust, en Ræningjapúfur þar þeir eru dysjaðir. Þar eftir hlóð Eiríkur vörðu á Arnarfelli og mælti fyrir henni sem hinni að meðan hún stæði skyldu Tyrkjar aldrei granda Krýsuvík. Sú varða stendur enn nú (1859).<sup>19</sup>

Þar sem ekki var unnt að staðsetja Ræningjastíg nú var hnit tekið á bjargbrúninni.

**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Landbrot  
**Ástand:** Horfin

### *Krýsuvíkurborg 2036 -9*



Séð yfir tóftina til norðurs.

**Hlutverk:** Hýbýli  
**Tegund:** Tóft  
**Sérheiti:** Neðri Fitjar?  
**Aldur:** 800-1900  
**Hnit:** 374422,310 346771,100  
**Staðarhættir:** Á grasi grónum árbakka rétt austan við Fitjalæk/Vestarilæk.

**Lýsing:** Mjög líklega er þetta tóft bæjarins Neðri-Fitja en ekki eru mikið um heimildir um bæinn. Í örnefnalýsingu Gísla Sigurðssonar segir: „Vesturlækur rennur hér ofan af heiðinni í Vesturlækjarfossi (164), en þar fyrir neðan tekur hann nafnbreytingu, nefnist Fitjalækur (165). Rennur meðfram túninu og niður um Efri-Fitjar (166). Austur af læknum eru Fitjamóar (167) og þar lengra austur Neðri-Fitjar (168).“ Tóftin er 9 x 13 m að stærð. Veggghæð er frá 0,3-0,5 m og veggþykktin um 1 m. Dýraop er á suðurhlið tóftarinnar. Þykkur hlaðinn garður liggur út frá tóftinni til suðurs 0,7-1,7 m breiður og um 5,5 m langur. Til vesturs út frá suðvesturhorni aðaltóftarinnar liggur hlaðinn garður sem er 4,5 m að lengd og 0,3-0,6 m að breidd þar beygir garðurinn í 90° til norðurs og verður mun þykkari eða um 0,7-0,9 m og er hann um 5 m að lengd. Tóftin er mjög gróin.

**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Landeyðing  
**Ástand:** Ill greinanlegar fornleifar

<sup>18</sup> Gísla Sigurðsson: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

<sup>19</sup> Jón Árnason: Íslenskar þjóðsögur og ævintýri. Reykjavík 1961. Bls. 562

### *Krýsuvíkurborg 2036 -10*



Séð yfir niðurgröftinn til norð-austurs.

- Hlutverk:** Óþekkt  
**Tegund:** Niðurgröftur/Hleðsla  
**Aldur:** 800-1900  
**Hnit:** 374428,280 346769,106  
**Staðarhættir:** Á grasi grónum árbakka rétt austan við Fitjalæk/Vestarilæk.  
**Lýsing:** Dældin er þétt við norðurhlið tóftar Neðri-Fitja. Greinanleg hleðsla er í dældinni og er hugsanlegt er að þetta sé safngryfja í líkingu við þá sem er á Efri-Fitjum og Örnefnaskrá segir frá. Dældin er um 3,5 x 8,5 m. Vegg hæðin er frá 0,3 – 1,3 m og veggbreiddin er um 1 m, vegg hæðin er hæst á austurhliðinni. Op er á vesturenda hleðslunnar. Tóftin er mjög gróin.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Hætta  
**Hættuorsök:** Landeyðing  
**Ástand:** Ill greinanlegar fornleifar

### *Krýsuvíkurborg 2036 -11*



Séð yfir vörðuna til suðvesturs.

- Gamalt nr:** 219-1  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Tegund:** Varða  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 374115,143 346812,086  
**Staðarhættir:** Á lágrí hæð í holti, um 110 m ASA frá Fitjalæk/Vestarilæk og um 350 m frá bjargbrún.  
**Lýsing:** Varðan er um 1 m x 1,2 m. Botn vörðunnar er nánast ferhyrndur og mosagróinn. Talsvert er hrúnið úr vörðunni.  
**Minjagildi:** Talsvert  
**Hætta:** Lítil hætta  
**Hættuorsök:** Rask/Landeyðing  
**Ástand:** Vel greinanlegt

### Krýsuvíkurborg 2036 -12



Séð yfir vörðuna til norðurs.

- Gamalt nr:** 227-1  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Tegund:** Varða  
**Aldur:** 1550-1900  
**Hnit:** 373815,646 347652,037  
**Staðarhættir:** Steinhrúgan er á klöpp á lágum fjallshrygg um 8 m frá bjargbrún.  
**Lýsing:** Í fornleifaskráningu Bjarna F. Einarssonar frá árinu 1998 segir: „Steinahrúga. 2,5 x 3,5 m (NNV – SSA). Úr grjóti, 0,2-0,3 m há. Grjótið er misstórt og vottar fyrir steinaröð með austur hliðinni. Hrógan er næstum örugglega manngerð, þó ekki sé víst til hvers....Líkist vörðu- eða sjómerkjabotni. Einnig líkist þetta dys eða kumli.“<sup>20</sup>
- Minjagildi:** Lítið  
**Hætta:** Lítil hætta  
**Hættuorsök:** Rask  
**Ástand:** Ill greinanlegar fornleifar

### Krýsuvíkurborg 2036 -13



Séð yfir vörðuna til vesturs.

- Gamalt nr:** 228-1  
**Hlutverk:** Óþekkt  
**Tegund:** Varða  
**Aldur:** 1900-  
**Hnit:** 373517,300 347977,909  
**Staðarhættir:** Varðan stendur á blásnum mel um 3 m frá bjargbrún.  
**Lýsing:** Í fornleifaskráningu Bjarna F. Einarssonar frá árinu 1998 segir: „1 x 1,5 m, úr grjóti (frekar smáu), 0,6 m há. Varðan er illa hlaðin, eða öllu heldur hróflað upp. Stærsta grjótið er neðst. Varðan sýnist nýleg.“<sup>21</sup>
- Minjagildi:** Lítið  
**Hætta:** Lítil hætta  
**Ástand:** Vel greinanlegar fornleifar

<sup>20</sup> Bjarna F. Einarsson: Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi.1998.

<sup>21</sup> Bjarna F. Einarsson: Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi.1998.

## Niðurstöður

Að beiðni Umhverfis og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar var farið í endurgerð fornleifaskráningar á hluta Krýsuvíkurbjargs vegna nýs deiliskipulags. Fornleifaskráning hefur áður verið gerð fyrir hið deiliskipulagða svæði; *Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi* eftir Bjarna F. Einarsson frá árinu 1998 og *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. áfangi* eftir Þóru Pétursdóttur frá árinu 2004. Skráðar voru 13 minjar og teljast þær allar til fornleifa. Svæðið var gengið og minjarnar mældar upp og myndaðar. Ekki reyndist unnt að mæla upp eina fornleif sökum þess að ekki var hægt að staðsetja hana þar sem hún er horfin. Því var notast við hnit sem tekið var á bjargbrúninni, þar var stuðst við fornleifaskráningu Þóru Pétursdóttur frá árinu 2004. Aðeins bættist við ein skráning sem ekki er í fyrri fornleifaskrárm, þ.e. frá Bjarna F. Einarssyni frá 1998 og Þóru Pétursdóttur frá 2004, það er fornleif 2036-9 sem sennilega er tóft bæjarins Neðri-Fitja. Mikilvægt er að taka tillit til allra fornleifanna og þeirra 15 m friðhelgi þegar fara á í framkvæmdir, vegagerð, stígagerð o.þ.h. Mikill uppblástur og landbrot er á svæðinu er það því mjög viðkvæmt. Gæta verður þess sérstaklega ef auka á aðgengi ferðamanna á staðnum að minjunum verði ekki raskað á neinn hátt.

Ef minjar koma í ljós við hugsanlegar framkvæmdir ber að tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem mun ákvarða nánar um mótvægisáðgerðir. Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja af einhverjum ástæðum þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið af ýmsum toga allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.


---

## Deiliskipulagssvæðið




Yfirlitskort yfir hið deiliskipulagða svæði við Krýsuvíkurborg.

## Yfirlitskort fornleifa



Yfirlitskort yfir hið deiliskipulagða svæði við Krýsuvíkurborg.



Nánara kort af fornleifum við bæjarstæðið Fitjar.



## **Punktaskrá**

2036-1	346780,219	374773,478
2036-2	346772,981	374778,914
2036-3	346776,009	374840,283
2036-4	346771,754	374843,743
2036-5	346728,15	374849,957
2036-6	346789,464	374801,217
2036-7	346951,95	374774,379
2036-8	347505335	373938087
2036-9	346771,1	374422,31
2036-10	346769,106	374428,28
2036-11	346812,086	374115,143
2036-12	347652,037	373815,646
2036-13	347977,909	373517,3

## Heimildaskrá

### Útgefnar heimildir:

Ásgeir Guðmundsson: *Saga Hafnarfjarðar*. 3. bindi. Hafnarfjörður 1984.

„Dómsmálið fyrir yfirdóminum: 3 búendr í Krísivík, gegn Gísla Jónssyni bónda á Býaskerjum. Yfirréttardómr 3. Desbr. 1866.“ Þjóðólfur 27. febrúar 1867.

Gunnlaugur Haraldsson: Helgistaðir við Hafnarfjörð. Hafnarfjarðarkirkja 1914-2014. 2 bindi. Síðari hluti.

*Íslensk fornrit I*. Reykjavík.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.

Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*. Reykjavík 1961.

Jón Þ. Þór: *Saga Grindavíkur. Frá Landnámi til 1800*. Grindavíkurbær 1994:

### Aðrar heimildir

Ari Gíslason: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

Bjarna F. Einarsson: *Krýsuvík. Fornleifar og umhverfi*. 1998.

Gísli Sigurðsson: „Örnefni í Krýsuvík“ Örnefnastofnun Íslands.

Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir: *Fornleifaskráning í Hafnarfirði I*. Fornleifastofnun Íslands FS065-98-12, Reykjavík 1998.

Landgræðsla Íslands: Landgræðsluvefsjá;

<http://luklgr.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=6fcd75b9afb5475fadcea81685346751> . Heimsótt 13.06.2019.

Lög um menningarminjar 2012 nr. 80 29. júní. Heimasíða Alþingis: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>. Löggin tóku gildi 1. janúar 2013. Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).

Þjóðskjalasafn Íslands: Vefslóðin manntal.is. Manntal frá árinu 1850. [http://manntal.is/leit/itarleit=\(leitarord= ;heimili=Fitjar;sysla=null;sokn=Kr%C3%ADsuv%C3%ADkurs%C3%B3kn;stada=null;aldur=null;kyn=null\)/1850/1/1850](http://manntal.is/leit/itarleit=(leitarord= ;heimili=Fitjar;sysla=null;sokn=Kr%C3%ADsuv%C3%ADkurs%C3%B3kn;stada=null;aldur=null;kyn=null)/1850/1/1850) . Heimsótt 02.04.2019.

Þóra Pétursdóttir: *Fornleifaskráning í Grindavík. 3. Áfangi*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2004.